

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald á Suðurnesjum.

#### 1. gr.

Árgjald fyrir að halda hunda sbr. staflíð b. í 1. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987 um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi, með síðari breytingum, skal vera kr. 14.633.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, svo sem útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausan hund að ræða.

#### 2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórnnum Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga, með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 518/2011 fyrir hundahald á Suðurnesjum.

*F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum, 19. apríl 2013,*

**Magnús Hinrik Guðjónsson,**  
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.